

Gjaldskrá

um vatnsskatt í Hafnarfirði.

1. gr.

Af öllum íveruhúsum, samkomuhúsum og sölubúðum á vatnsveitusvæðinu, er bæjarstjórn ákveður fyrir 1 ár í senn, sem virt eru til húsaskatts, skal greiða í vatnsskatt árlega 4 ‰ af virðingarverði þeirra, en af húsaskattsvirðingarverði annara húsa 2‰.

Auk þess greiði húseigandi hver kr. 1,50 fyrir hvern mann, er í húsi hans býr, og miðast gjald þetta við manntal, er fram fer árlega um áramót.

2. gr.

Af húsum þeim, sem vatn nota til annars en venjulegra þarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, greiðist aukagjald 2‰ af virðingarverðinu; enn fremur greiði hver húseigandi, er vatnssalerni hefir, fyrir hvert þeirra 12 krónur árlega, og 8 krónur fyrir hvern vatnshana utanhúss.

Fyrir hvern stórgrip, sem er í bænum að vetrinum, greiðist 2 kr., og miðast gjald þetta við framtal um áramót.

3. gr.

Fyrir skip og báta, sem heima eiga í Hafnarfirði, eða eru gerð út þaðan til flutninga eða fiskiveiða, skal greiða 60 auru fyrir hverja smálest vatns úr vatnsveitunni, er þau taka annarstaðar en við hafskipabryggjuna, en öll önnur skip greiði kr. 1,20 fyrir smálest hverja. Lágmark vatnsgjalds af síðargreindum skipum sje þó eigi lægra en 3 krónur í hvert sinn, sem vatn er tekið. Vatnsnefnd getur gert sjerstakan samning um vatnsgjald af skipum þessum, ef þau ganga hjeðan til fiskiveiða minst 6 vikna tíma á árinu. Fyrir öll skip og báta, hvort heldur þau eiga heima í Hafnarfirði eða annarsstaðar, er vatn taka við hafskipabryggjuna, skal greiða 3 kr. í gjald fyrir smálest hverja.

4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti er 1. júlí. Af aðkomuskipum ber þó að greiða gjaldið í hvert sinn og vatn er tekið.

5. gr.

Skrá um þá menn, er vatnsgjald eiga að greiða, semur vatnsnefnd fyrir 20. apríl ár hvert, og skal hún liggja frammi bæjarbúum til athugunar til loka þess mánaðar.

6. gr.

19

Með gjaldskrá þessari fellur úr gildi gjaldskrá um vatnsskatt í Hafnarfirði 12. febr. 1913. 11. apríl

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði, 27. mars 1918.

Magnús Jónsson.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir samið, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 26, 9. júlí 1909 til að öðlast gildi 15. apríl 1918, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

I stjórnarráði Íslands, 11. apríl 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

um notkun vatns og vatnsskatt í kaupúninu Keflavík.

20
18. apríl

1. gr.

Hreppsnefnd Keflavíkurhrepps sjer um, að jafnan sjeu til í kaupúninu nægileg og trygg vatnsból til afnota fyrir íbúa þess. Skal þar til kjörin vatnsnefnd annast um viðhald þeirra, en notendur greiði vatnsskatt eins og hjer segir:

a. Af öllum íveruhúsum, samkomuhúsum og sölubúðum á vatnsbólaskvæðinu er hreppsnefnd ákveður fyrir 1 ár í senn, sem virt eru til hússkatts, skal greiða í vatnsskatt árlega $1\frac{1}{4}\%$ af virðingarverði þeirra, af íshúsum, gufubræsluhúsum og brauðgerðarhúsum 2% en af öllum öðrum húsum 1% .

b. Fyrir hvern stórgrip greiði eigandi 50 aura á ári.

c. Fyrir skip, sem vatn kynnu að taka, greiðast 35 aurar fyrir hverja tunnu.

d. Fyrir sjerstaka notkun vatnsins, fyrir hvern sem er, svo sem til húsa-bygginga, þvotta á verslunarvörum og svo framvegis, greiðist sérstakt gjald eftir ákvæðum vatnsnefndar í hvert sinn og með áður fengnu leyfi hennar.

2. gr.

Verði nokkur tekjuafgangur, þegar borgað hefir verið árlegt afgjald og annar kostnaður við vatnsbólin, skal hann lagður í varasjóð.